

Læsisstefna Álfatúns

Leikandi læsi

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og á að flettast inn í allt starf leikskólans. Starfshættir eiga að stuðla að fjölbreyttu og hvetjandi umhverfi sem eflir áhuga barnanna á læsi. Nota skal fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir sem stuðla að jákvæðu viðhorfi til læsis, auka færni og gefa börnum færi á að tjá sig á margvíslegan hátt. Nýta skal hvert tækifæri til að spjalla saman, t.d. í leik, við matarborðið, í fataherbergi og við skiptiborðið, setja orð á alla hluti og athafnir. Lesa á hverjum degi, nota samræðulestur og vera í litlum hópum.

Læsi snýst þó ekki einungis um að geta lesið heldur felur það í sér að geta skynjað, skilið, túlkað gagnrýnt og miðlað texta eða táknum í víðum skilningi. Hvort sem það er ritmál, myndmál, talmál, tölur eða önnur kerfi tákna. Hæfileikinn til að geta lesið og skilið byggir á mörgum þáttum sem byrja að þróast á leikskólaaldri eins og hljóðkerfis – og hljóðvitund, lesfimi, lesskilningi, hljóðrænni umskráningu og orðaforða. Leikur er aðalnámsleið barna á leikskólastigi og því þarf leikumhverfi barnanna að styðja við alla þessa þætti.

Megináherslur okkar eru eftirfarandi:

- Að styrkja læsi í víðum skilningi og samþætta við leik og sköpun barnanna í daglegu starfi.
- Efla vinnu með alla þætti málþroska, málskilnings og tjáningar út frá aldri og þroska barnanna.
- Bæta umhverfi leikskólans með merkingum og textum um húsið.
- Styrkja ritmálsörvun með góðu aðgengi að pappír og ritföngum í leik eftir því sem hæfir aldri barnanna.
- Hafa bækur sýnilegar og aðgengilegar börnum í leik, samveru- og næðisstundum.
- Leggja áherslu á gæði í bókakosti og kaupa vandaðar bækur þar sem tekið er tillit til jafnréttishugsjóna, fjölbreytileika og fjölmenningar.
- Upplýsa foreldra um mikilvægi bernskulæsis og hvetja til heimalesturs með börnunum.
- Auka hæfni og þekkingu starfsmanna á viðfangsefninu og styrkja þá í starfi sínu, m.a. með fræðslu og umræðum í starfsmannahópi.

Leiðir:

Hjá yngstu börnunum er lögð aðaláhersla á málörvandi umhverfi, orðaforða, hugtakaskilning og rytma. Síðan bætist við meiri tjáning, sögu- og ljóðagerð, vinna með hljóðkerfisvitund og ritun.

Skipta má leiðunum niður í þrjá þætti, starfið með börnunum, foreldrasamstarf og hlutverk starfsfólks.

Starfið með börnunum.

Ritmálsörvun, rauður þráður: aðgangur að blýöntum, blöðum stöfum og stafrófi í frjálsum leik. Vera með sýnilega texta um allt hús og/eða myndir og tákni.

Daglegar sögustundir: myndabækur, fræðibækur, framhaldsbækur, ljóðabækur.

Samræðulestur

Nota fjölbreyttar leiðir við lestur, eins og sögupoka, töflusögur, loðtöflur og samræðulestur og orðaspjall

Sögu- og ljóðagerð, spuni í hópastarfi og samverustundum

Börnin hvött til að segja sögur og koma fram og leika sögur á fagnaðarfundum.

Unnið með hljóðkerfi, takt: notum t.d. Lubba sem finnur Málbein sem stuðningstæki ásamt lögum og þulum

Notum okkur málörvunarefni eins og spil, spjaldrpölvur, Lubba og TMT.

Gerum okkar eigin bækur

Syngjum og förum með þulum

Stuðla að menningarläsi m.a. með heimsóknun á menningarstofnanir og –viðburði.

Rannsaka náttúruna og nærumhverfi í gönguferðum

Foreldrasamstarf

Póstkassinn á elstu deild, börn og foreldrar koma með bréf að heiman og setja í póstkassann.

Bangsi í heimsókn: Börnin skiptast á að fara með bangsa heim og foreldrar skrifa með þeim eitthvað um heimsóknina.

Bókaormur, í tengslum við Dag móðurmálsins

Vanda dagleg samskipti.

Senda foreldrum reglulega tölvupóst um verkefni deildarinnar.

Skrifa á töflur við deildir það sem gert hefur verið dag hvern.

Segja foreldrum frá starfinu í daglegum samskiptum eins og hægt er.

Upplýsingar settar á heimasíðu leikskólans.

Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börnin heima.

Starfsfólkið

Kennarar eru góðar fyrirmyndir, tala skýra og rétta íslensku og nota fjölbreyttan orðaforða.

Nota opnar spurningar svo barnið þurfi að tjá sig með setningum.

Hlusta á börnin, grípa ekki fram í fyrir þeim eða svara fyrir þau.

Ýta undir og styðja við málnotkun barnanna.

Lesu vandaðar bækur miðað við aldur og þroska barnanna.

Útskýra orð sem börnin þekkja ekki.

Lesu, segja og spinna sögur.

Hvetja börnin til að tjá tilfinningar og líðan, heilsa, kveðja og þakka fyrir sig.

Hvetja börn og fullorðna til að setja orð á hluti og daglegar athafnir.

Hvetja alla starfsmenn til að sækja sér endurmenntun og/eða kynna sér nýjungar í starfi, t.d. rannsóknir eða nýjungar hvað varðar kennsluefni.

Kynna sér nýtt kennsluefni sem stuðlar að læsi.

Upplýsa börnin fyrirfram hvað á að gera í daglegu starfi.

Miðla hugmyndum og styðja samstarfsmenn.

Samvinna leik- og grunnskóla Samvinna er á milli Álfatúns, Grænatúns, Furugrundar og Snælandsskóla, Fundað er í upphafi og lok hvers skólaárs.

Mat og eftirlit

Foreldrar eru upplýstir um framgöngu barnsins síns í foreldrasamtölum. Rætt er um úrræði, hvað foreldrar geta gert og hvaða aðstoð er hægt að sækja. Höfð er samvinna við aðra sérfræðinga ef þörf er á.

HLJÓM 2, Fimm ára börnin fara í Hljóm - 2 skimun að hausti sem kannar hljóðkerfisvitund. Ef ástæða þykir þá er hljómskimunin gerð aftur um miðjan vetur, eftir æfingar bæði í skólanum og heima.

Við styðjumst við Efi 2 fyrir börn á fjórða ári sem er skimun sem kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins. Orðaskil er málþroskaskimun sem við styðjumst við fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Skimuninni er ætlað að mæla orðaforða barna og einnig hvort þau hafa náð valdi á beygingakerfi og setningagerð málsins. Að loknu mati eru settar upp sértækar lausnir eftir því sem við á.